

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

2001/EES/26/01

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 1999/65/EB

frá 24. júní 1999

um breytingu á tilskipunum ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/82/EB⁽²⁾, einkum a-lið 4. mgr. 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/82/EB, einkum a-lið 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt a-lið 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE ber aðildarríkjunum að senda framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 30. júní ár hvert, framvirkar, innlendar eftirlitsáætlanir fyrir næsta ár vegna varnarefnaleifa í og á ávöxtum, matjurtum og kornvörum. Reynsla, sem aðildarríkin hafa aflað við gerð fyrri árlegra eftirlitsáætlana, við að koma þeim á fót, framkvæma, meta og gefa skýrslu um þær, bendir til þess að fyrrnefndur frestur sé óraunhæfur, þar eð ekki gefst nægur tími til þess að taka mið af niðurstöðum fyrra árs við undirbúning þess

næsta. Þrír mánuðir til viðbótar er talinn nægur tími til þess að unnt sé að meta eldri niðurstöður og gera framvirkar, innlendar eftirlitsáætlanir með fullnægjandi hætti.

2) Samkvæmt b-lið 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og b-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE ber framkvæmdastjórninni að senda fastanefndinni um plöntuheilbrigði, eigi síðar en 30. september ár hvert, drög að tilmælum um að koma á fót samræmdri eftirlitsáætlun bandalagsins, þar sem gert er ráð fyrir sýnatöku af sérstöku tagi sem skal fella inn í eftirlitsáætlunina. Efni slíkra draga að tilmælum er háð þeim upplýsingum sem aðildarríkin láta í té um framvirkar eftirlitsáætlanir sínar. Þriggja mánaða viðbótarfrestur fyrir aðildarríkin til þess að skila framkvæmdastjórninni innlendum áætlunum hefði í för með sér þriggja mánaða töl á því að framkvæmdastjórnin afhendi fastanefndinni um plöntuheilbrigði drög að tilmælum.

3) Í reynd gera framkvæmdastjórnin og aðildarríkin samræmdar eftirlitsáætlanir bandalagsins til margra ára.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE er breytt sem hér segir:

- í a-lið 2. mgr. komi „30. september“ í stað „30. júní“,
- í b-lið 2. mgr. og 3. mgr. komi „31. desember“ í stað „30. september“.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjóð. EB L 172, 8.7.1999, bls. 40, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 25/2000 frá 31. mars 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 27, 15.6.2000, bls. 1.

(1) Stjóð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

(2) Stjóð. EB L 290, 29.10.1998, bls. 25.

(3) Stjóð. EB L 350 av 14.12.1990, s. 71.

2. gr.

Ákvæðum 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE er breytt sem hér segir:

- í a-lið 2. mgr. komi „30. september“ í stað „30. júní“,
- í b-lið 2. mgr. og 3. mgr. komi „31. desember“ í stað „30. september“.

3. gr.

1. Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún er birt.
2. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsluákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. janúar 2000. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júní 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.